



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 13. janúar 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um Saman gegn sóun – Stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar stöðumat Umhverfisstofnunar, Saman gegn sóun - Stöðumat og valkostir í úrgangsforvörnum, mál s-241/2024. Samtökin fagna uppfærslu á almennri stefnu um úrgangsforvarnir en vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum er varða einstaka niðurstöður stöðumatsins.

Framleiðslufyrirtæki

Í kafla 3.3 í stöðumatinu kemur fram að átta vinnustofur hafi verið haldnar um landið á vordögum 2024 þar sem leitast hafi verið eftir innsýn þátttakenda og umræðum um þætti sem úrgangsforvarnarstefna Íslands ætti að innihalda. Á lokafundinum hafi 19 sérfræðingar stigið á stökk í fjórum pallborðum sem hafi fengið nokkrar aðgerðir til að ræða fyrir opnum sal en fundargestir síðan séð um að forgangsraða aðgerðunum eftir því hversu mikilvægt væri að taka þær inn í aðgerðaráætlun við nýju stefnuna. Aðgerðirnar séu sprotnar úr þeirri vinnu sem átt hafi sér stað á fyrri fundum með hagaðilum um landið allt.

Í 3. sæti aðgerða fyrir framleiðslufyrirtæki segir: „Í stað þess að frumframleiða ál ætti Ísland með sína endurnýjanlegu orku að laða að fyrirtæki sem endurvinna ál eða aðrar málmafurðir.“ Samtökin gera alvarlega athugasemd við framangreint og að það samráð sem fram kemur í stöðumatinu hafi átt sér stað en hvorki samtökin né álverin kannast við slíkt samráð. Á Íslandi starfa þrjú álver og standa þau undir fimmtungi af útflutningstekjum Íslands. Álverin greiddu um 25 milljarða íslenskra króna í laun og launatengd gjöld árið 2023 og um 9,5 milljarða í opinber gjöld. Aðgerðin felur því í sér meiriháttar breytingu á íslensku hagkerfi enda er frumframleitt ál mun verðmætara en endurunnið ál og engin þekking á landinu á endurvinnslu áls. Þá er endurvinnsla áls háð innflutningi á umfangsmiklu magni áls með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Samtökin taka undir mikilvægi þess að ál sé endurunnið eftir megni en vilja þó benda á að álframleiðsla gegnir mikilvægu hlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru. Íslensk álframleiðsla er enn fremur með lægsta kolefnisfótspor í heimi sökum þeirrar endurnýjanlegu orku sem framleiðslunni býðst hér á landi.

Samtökin mótmæla því harðlega að aðgerð 3 verði tekin inn í aðgerðaaætlun við stefnu um úrgangsforvarnir. Þá óska samtökin eftir nánari skýringu á aðgerð 4 fyrir framleiðslufyrirtæki sem kveður á um að setja eigi skýrari kröfur í starfsleyfi stórra fyrirtækja um leiðir til að draga úr myndun úrgangs.



Matvæli og matvælaöryggi

Innleiðing tækninýjunga og nýstárlegra lausna í úrgangsmálum getur verið jákvætt framfaraskref sem kemur til með að auka nýtingu hráefna í matvælaframleiðslu og stuðla þar af leiðandi að aukinni sjálfbærni og kann að efla framboð matvæla með bættu fæðuöryggi hér á landi. Varast verður þó brattar innleiðingar með viðbótarkröfum á framleiðendum þar sem slíkar aðgerðir eru gjarnan kostnaðarsamar og koma alla jafnan harðast niður á minni framleiðendum með lítið svigrúm til aðlögunar. Gæta verður vandlega að innleiðingu aðgerða, bæði hvað varðar aðlögunartíma og kostnað, svo þær hafi ekki neikvæð áhrif og vinni að endingu gegn markmiðum með úrgangsforvörnum.

Bætt nýting hráefna, sér í lagi við fullnýtingu á landbúnaðarafurðum, krefst að miklu aukins samstarfs og samráðs milli aðila sem nauðsynlegt er að taka til skoðunar í ljósi markmiða stefnunnar. Þá getur núverandi regluverk og refsimiðað matvælaeftirlit staðið nauðsynlegum aðgerðum og nýbreytni fyrir þrifum. Svo hægt sé að ráðast í breytingar í átt að aukinni nýtingu og minni sóun er nauðsynlegt að það sé gert í samstarfi og samráði við framleiðendur svo þeir finni fyrir jákvæðum stuðningi í átt að nýjungum fremur en neikvæðar kvaðir sem draga úr hvötum. Þar getur stuðningur og viðhorf eftirlitsaðila skipt sköpum.

Greina má tækifæri í ýmsum tækniframförum en með innleiðingu á tækni á borð við Databar má stórauka rekjanleika með bættu öryggi þar sem bæði má rekja uppruna matvæla og framleiðsluferil þeirra. Einnig má styrkja langtímaframboð matvæla með því að draga úr umhverfisáhrifum þeirra og auka sjálfbærni þegar kemur að hringrásarhagkerfinu og umbúðabreytingum. Gæta verður þó vandlega að skammtímaáhrifum og kostnaði við innleiðingu og uppfærslu á framleiðsluferlum og mögulega aðfangakeðjum. Þá koma áhættumiðaðar aðferðir við matvælaeftirlit, sem komið er inn á í stöðumatinu, til með að gera eftirlit markvissara og hægt er að beina aðgerðum að þeim þáttum sem mestu máli skipta.

Töluverðar áskoranir fylgja einnig þar sem fjárfestingar í nýrri tækni og breytingar á framleiðsluferlum eru afar þungbærar og kostnaðarsamar, sér í lagi fyrir minni framleiðendur. Þó svo að slík tækni kunni að leiða til sparnaðar og bættrar nýtingar til lengri tíma eru ekki margir, ef einhverjir, framleiðendur í stakk búnir til að umturna framleiðsluferlum sínum. Skýrleiki reglna og regluverks er einnig grundvallaratriði við mótun úrgangsforvarna. Séu aðgerðir ekki samræmdar og skýrar leiðir það til óvissu sem bitnar á framleiðslugetu, matvælaöryggi og fæðuöryggi. Í því samhengi má nefna að standi til að breyta umbúðarefnum þarf sérstaklega að huga að aðgengi sem og að þau standist öryggis- og gæðakröfur, sem getur verið sérstök áskorun í innleiðingarferli.

Þær aðgerðir sem velt er upp í stöðumatinu kunna að leiða til aukins matvælaöryggis til lengri tíma með auknum rekjanleika og markvissu áhættumiðuðu eftirliti. Huga verður vel að nægilegum stuðningi við úrfærslu á nýjum reglum og lausnum svo tryggt sé að framleiðendur geti uppfyllt þær án aukinnar áhættu. Aðgerðirnar kunna einnig að efla fæðuöryggi, sé vel haldið á málum, þar sem þær eru til þess fallnar að auka sjálfbærni og framleiðslugetu. Skammtímaáskoranir á borð við kostnaðarsama aðlögun og óvissu regluverks mun þó hafa neikvæð áhrif og draga úr markmiðum úrgangsforvarna.



Byggingariðnaður

Aðgerðir í átt að vistvænni mannvirkjagerð hafa verið innleiddar undanfarin ár m.a. í gegnum Byggjum grænni framtíð - samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins. Samtökin benda á að verkefnið hefur skapað traust milli hagaðila og sátt ríkir um þær aðgerðir sem þar eru að finna, enda mikilvægt að tryggja fyrirsjáanleika við innleiðingu nýrra krafna fyrir byggingar- og mannvirkjagerð. Endurskoðun aðgerða stendur nú yfir.

Í kafla 3.3.3 í stöðumatinu er m.a. fjallað um tillögur að aðgerðum til úrgangsforvarna í byggingariðnaði sem samtökin taka undir. Er þar komið inn á þekktar hindranir sem hafa staðið framförum fyrir þrifum t.d. þegar kemur að aðgengi að notuðu byggingarefni og að auka hvata til viðhalds og skráningu þess. Mikilvægt er að vinna áfram að því að ryðja þeim hindrunum sem þar eru úr vegi. Þá benda samtökin einnig á að í [greiningu](#) sem þau birtu í október á síðasta ári og byggir á könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði var m.a. spurt hvort einhverjar hindranir hafi staðið í vegi fyrir því að fyrirtæki hefðu frumkvæði að aðgerðum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif. Mátti þar merkja nokkurn samhljóm um að skortur væri á annars vegar fjárhagslegslegum hvötum til að gera slíkar breytingar og hins vegar langtímasýn og samræmingu verkkaupa og stjórnvalda hvað varðar umhverfiskröfur. Það er mat samtakanna að niðurstöðurnar gefi vísbendingar um að mannvirkjaiðnaðurinn kalli eftir fyrirsjáanleika og benda samtökin einnig á að samræming umhverfisskilmála í opinberum útboðum séu forsenda þess að markaðurinn geti sett fram áreiðanlegar áætlanir og byggt upp þekkingu starfsfólks með vissu um að hún muni nýtast til lengri tíma.

Í sömu greiningu voru stjórnendur einnig beðnir um að gefa dæmi um aukinn kostnað vegna áherslna á umhverfismál, s.s. kostnaður við að losa úrgang, aðgengi að innviðum á framkvæmdasvæði og þess háttar. Þar mátti greina tvo lykilsamnefnara í svörunum. Sá fyrri er aukinn kostnaður vegna flokkunar og losunar/förgunar á jarðvegi og úrgangi en Sorpa hefur t.a.m. hækkað gjaldskrá sína verulega á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna að frá 1. júlí 2021 hefur gjald Sorpu fyrir förgun á gleri og steinefnum verið hækkað 6 sinnum eða sem nemur 567% hækkun á 3,5 ári. Í annan stað var svarendum tíðrætt um kaup á nýjum vinnuvélum og tækjum, ýmist rafmagnstækjum eða nýrri tækjum sem losa minna, sem stafar m.a. af kröfum opinberra verkkaupa í útboðum verklegra framkvæmda.

Að lokum leggja samtökin áherslu á að uppfærðar aðgerðir í úrgangsforvörnum verði unnar í samráði við hagaðila og að kröfur til íslenskra iðnfyrirtækja gangi ekki lengra en EES gerðir kveða á um. Samtökin leggja enn fremur áherslu á að stjórnvöld efli samkeppnishæfni með því að nýta efnahagslega hvata til að ná fram stefnumarkmiðum í uppfærði stefnu í úrgangsforvörnum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Lilja Björk Guðmundsdóttir